

**Nr. 19-013 S 009 Kleifaberg RE 70*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.*: 1360      IMO 7329297  
*Útgerð*: Úgerðarfélag Reykjavíkur hf.  
*Smíðaður*: Pólland 1974, stál  
*Stærð*: 1190,6 brt  
*Mesta lengd*: 69,57 m    *Skráð lengd*: 62,3 m  
*Breidd*: 11,3 m    *Dýpt*: 7,3 m  
*Vél*: Sulser 2208 kw árg. 1973  
*Fjöldi skipverja*: 26



Kleifaberg © Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 13. nóvember 2018 var Kleifaberg RE 70 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: ANA 4 m/sek.

Skipverjar voru að láta trollið fara og það komið í sjóinn. Einn þeirra húkkaði í sylgjuna á grandaranum og þegar því var lokið teygði hann sig eftir gils til að hífa upp dauðalegginn. Við þetta lenti hann með baugfingur hægri handar á samskeytum á grandaravírnum með þeim afleiðingum að hann klemmdist illa. Skipverjinn missti framan af fingrinum og var siglt með hann til Bolungarvíkur.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skutrennulokinn var kominn upp og grandararnir voru stopp. Bakstroffan var að renna út þegar slasaði teygði sig eftir gilskróknum sem var kastað til hans. Gilskrókurinn kom of neðarlega og varð til þess að fingurinn fór í bakstroffuna og klemmdist.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.